

## Hljóðfæri – fyrstu skrefin

Yngstu börnin ættu að kynnast völdum hljóðfærum í leik áður en farið er að vinna eftir reglum (Sjá TÍL bls. 56-57, 86). Hér fylgja þrjú dæmi þar sem byrjað er að fara eftir fyrirmælum. Börnin spila frjálst innan ákveðins ramma.

1. Setið er í hálfhring (kennari á móti börnunum) á „rassamottum“. Inni í hálfhringnum er karfa með hljóðfærum sem eru öll af sömu gerð (t.d. hristur). Börnin sækja sér eitt af öðru hljóðfæri í körfuna og setjast svo á sinn stað. Það getur þurft hugrekki að fara einn og sækja hljóðfæri og einnig gæti einstaka barn þurft að aga sig til að taka eingöngu eitt hljóðfæri.

Börnin halda á hristunni með annarri hendi og láta hana hvíla í lófa hinnar handarinnar. Kennari er einnig með sams konar hljóðfæri. Hann notar alltaf sömu orðin fyrir byrjun þ.e. *og byrja*. Þegar hætta skal segir hann *stopp* og undirstrikar það með stórrí hreyfingu sem stöðvast um leið (frýs). Að öðru leyti er spilið frjálst. Þegar börnin hafa náð tókum á leiknum er farið að vinna með styrkleika (spila veikt eða sterkt) og hraða (spila hratt eða hægt).

Í lokin „kveðja“ börnin hljóðfærin sín og fara eitt í einu og skila því í körfuna.

2. Setið er í hálfhring (kennari á móti börnunum) á „rassamottum“. Nú er aðeins eitt hljóðfæri sem gengur á milli barnanna t.d. lítil tromma (gjarnan falletta skreytt). Kennari réttir fyrsta barni trommuna sem spilar frjálst og réttir síðan sessunaut sínum trommuna sem spilar sitt „sóló“. Þannig gengur þetta koll af kolli.

Reynslan sýnir að hluti barnanna nýtur þess að vera þannig miðpunkturinn en öðrum reynist það erfiðara. Aldrei ætti að þvinga barn til að spila en góð regla er að spyrja þegar farinn hefur verið hringurinn hvort það vilji spila. Feimin börn þurfa sitt svigrúm til að stíga ein fram en þegar þau fá jákvæða hvatningu án pressu koma þau til með að spila sitt „sóló“ þótt seinna verði.

3. Setið er í hálfhring (kennari á móti börnunum) á „rassamottum“. Helmingur barnanna er með stafi, hinir með hristur. Hóparnir spila til skiptis. Kennari stjórnar með því að benda á viðkomandi hóp og hvetja með orðunum *spila, spila...*

Alltaf skal þess gætt að veita börnunum stuðning, hvetja þau og lofa það sem vel er gert. Þó framangreindir leikir lúti ákveðnum reglum þá þarf alltaf að vera svigrúm fyrir breytingar. Í leiknum fæðast oft nýjar hugmyndir byggðar á hugmyndaflugi og sköpunarmætti barnanna. Þær gefa lífinu lit.